



## ERINDISBRÉF

### Starfshópur um endurskoðun tengsla íbúakorta við bílastæðagjald húsbýggjenda

**Ábyrgðarmaður:** Þorsteinn R. Hermannsson, samgöngustjóri

#### Hlutverk:

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 3. júlí 2019 var lögð fram skýrsla með tillögum stýrihóps um stefnumörkun í bíla og hjólastæðamálum. Að mati stýrihópsins er ástæða til að endurskoða tengsl bílastæðagjalds húsbýggjenda og íbúakorta. Hópurinn lagði til að stofnaður verði starfshópur á umhverfis- og skipulagssviði til að endurskoða reglur um bílastæðakort íbúa í Reykjavík. Skipulags- og samgönguráð samþykkti tillöguna.

#### Helstu verkefni:

Starfshópnum er falið að vinna tillögu að endurskoðuðum reglum um bílastæðakort íbúa í Reykjavík. Núgildandi reglur voru samþykktar á fundi borgarráðs þann 21. maí 2015. Helsta breytingin sem gerð var þá laut að nýju ákvæði (3. gr. núgildandi reglna) þar sem íbúakortin voru tengd við bílastæðagjaldið.

Greinin er svohljóðandi:

Fjöldi bílastæða á lóð skal ákvarðaður í deiliskipulagi, sé tilskildum fjölda bílastæða ekki komið fyrir á lóð er Reykjavíkurborg heimilt að innheimta bílastæðagjald fyrir þann fjölda sem á vantar. Óheimilt er að gefa út fleiri íbúakort til íbúa viðkomandi lóða en vegna þeirra stæða sem greitt hefur verið fyrir. Sé ekki gerð krafa um bílastæði á lóð nýbyggingar í deiliskipulagi er óheimilt að gefa út íbúakort til íbúa viðkomandi lóða. Þar sem stæði á lóð eru í sameign allra er óheimilt að gefa út íbúakort til íbúa viðkomandi lóðar nema fyrir liggi eignaskiptayfirlýsing eða afnotaskipting stæða undirrituð af öllum eigendum lóðarinnar

#### Starfshópin skipa:

Þorsteinn R. Hermannsson, Kolbrún Jónatansdóttir, Vigdís Þóra Sigfúsdóttir, Haraldur Sigurðsson, Jón Kjartan Ágústsson og Óskar Torfi Þorvaldsson.

**Starfsmaður:** María Níelsdóttir

#### Til ráðgjafar og samstarfs:

Með starfshópnum starfi eftir þörfum aðrir fulltrúar skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, embættis skipulagsfulltrúa, embættis byggingarfulltrúa, skrifstofu sviðsstjóra og Bílastæðasjóðs.

#### Starfstímabil:

Starfshópur skili tillögum til skipulags- og samgönguráðs í síðasta lagi í desember 2019.

Samþykkt á fundi skipulags- og samgönguráðs 14. ágúst 2019